



Stjórnarfundur SKÍ

Miðvikudagur 11. júní 2025 / kl. 15.30 / Rafrænn fundur

- Efni fundarins:** Stjórnarfundur SKÍ
- Fundarstjóri:** Sigurður Hauksson (framkvæmdastjóri).
- Fundarritari:** Hugrún Elvarsdóttir.
- Pátttakendur:** Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftndar, Hugrún Elvarsdóttir ritari, Gísli Reynisson gjaldkeri, Aðalsteinn Valdimarsson formaður snjóþrettaneftndar, Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri, Veronika Lagun formaður skíðaskotfimineftndar, Einar Ólafsson formaður skíðagöngunefndar, Jón Egill Sveinsson varaformaður og Sigurður Hauksson framkvæmdastjóri.
- Fjarverandi:** N/A.
- Fundur settur kl. 15.34*

Fundardagskrá

1. Fundargerð, fundur 1675
2. Gögn vegna máls 3. fundur 1675
3. Fréttir af æfingabúðum SGN
4. Íslandsgangan
5. IBU campur í Noregi 20. júní
6. Önnur mál

Fundargerð:

1. Fundargerð, fundur 1675
 - a. Samþykkt samhljóða.
2. Gögn vegna máls 3. fundur 1675
 - a. Endursk. fjárhagsáætlun 2025
 - i. Nefndarformenn funduðu eftir síðasta fund og fóru yfir stöðu mála tengt fjármagni til nefnda.
 - ii. Kom í ljós að farið var yfir rangar tölur á síðasta stjórnarfundum sem komu frá fyrrverandi framkvæmdastjóra.
 - iii. Nýr framkvæmdastjóri fór því og fann réttar tölur sem eru frá þingskjali 2 á síðasta skíðaðingum og var sent út til allra stjórnarmeðlima til samþykktar fyrir síðasta skíðaðingum. Það var staðfest á þessum stjórnarfundum að allir stjórnarmeðlimir fengu skjölin fyrir síðasta þing.
 - iv. Á þinginu var síðan ákveðið að ráðast í niðurskurð upp á 11 milljónir.
 - v. Framkvæmdastjóri sendi því uppfærðar tölur á stjórn fyrir þennan stjórnarfund 11.6.
 - vi. Enn ríkti mikill ágreiningur um skiptingu fjárs á fundinum en formaður skíðagöngunefndar var enn afar ósáttur við áætlunina. Kom í ljós að

ágreiningurinn byggði á misskilningi frá fyrri tölum og hlutföllum á milli nefnda.

vii. Farið var yfir uppfært skjal sem framkvæmdastjóri sendi stjórn fyrir fundinn og þá sérstaklega tillögu 1, aftasta dálkinn neðst í fundarskjali, sem er svohljóðandi:

1. 47,8% alpagreinanevnd
2. 32,5% skíðagöngunefnd
3. 18.5% snjóbrettanevnd

viii. Í kjölfarið samþykkti stjórn samhljóða tillögu 1 á fundinum.

b. Gjaldkeri tekur fram að næsta skref sé að kostnaðargreina hvað það kostar að vera í landsliðinu per landsliðsmann og aðrir stjórnarmenn taka undir mikilvægi þess.

3. Fréttir af æfingabúðum SGN

- a. Formaður SGN fer yfir en þau byrjuðu á þremur dögum upp í sumarbústað til þess að þetta hópinn. Fóru svo til Reykjavíkur þar sem afrekshópurinn kom inn í æfingahópinn. Tóku þátt í hlaupamóti á fimmtudeginum (3000m hlaup) og bættu sig flest um 30 sekúndur. Liðið aldrei verið sterkara og miklar bætingar hjá öllum.
- b. Nýr framkvæmdastjóri fór og hitti hópinn á föstudeginum og var ánægjulegt að hitta hópinn sem var gott hljóð í.

4. Íslandsgangan

- a. Styrktarbeiðni frá formanni SGN úr fræðslu- og útbreiðslusjóð að upphæð 3.000.000 kr.- sem gerir grein fyrir málinu og rökstyður vel.
- b. Þarf að gera betur í utan umhaldi á Íslandsgöngunni sem er í eigu SKÍ, aðildarfélögum langar að gera gangskör í því að markaðssetja betur þessa vöru sem SKÍ á en ef þátttaka er góð er þetta mikilvægur tekjupóstur fyrir félagin. Rætt um að setja upp heimasíðu, búa til lógó, kynningarmyndband o.fl. til að markaðssetja þetta betur en formaður SGN er búinn að fá tilboð í verkefnið.
- c. SKÍ ekki sett pening í þetta áður en það eru 5.000.000 kr.- eyrnamerktar í þetta verkefni í fjárhagsáætlun SGN.
- d. Stjórn sammála um að hugmyndin sé góð en bíða þurfi með þetta að sinni þar sem einungis eru 2.000.000 kr.- í fræðslu- og útbreiðslusjóð sem verður að forgangsraða í Ólympíuleikana o.fl.

5. IBU campur í Noregi 20. Júní

- a. Farið yfir til upplýsinga en þetta er campur borgaður af IBU.

6. Önnur mál

- a. Formaður upplýsir stjórn um að samþykkt var að SKÍ fengi að halda skíðaþingið í Sveinatungu á Garðatorgi en ákveðið var á síðasta stjórnarfundum að halda skíðaþingið aðra helgina í október.
- b. Framkvæmdastjóri og afreksstjóri verða í sambandi við stjórnarmeðlimi varðandi undirbúning á þinginu.
- c. Stjórnarmeðlimir sammála um að tillaga á síðasta fundi um vinnufund stjórnar í byrjun haustsins sé nauðsynlegt.

Fundi slitið kl. 17.32.

Næsti fundur skv. fundarröð er fimmtudaginn 14. ágúst kl. 15.30.

Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð.